

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Grímsey



<b>Dags eftirlits</b>	11.12.2020	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Olíudreifing	<b>Eftirlitsmaður</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Heimili</b>	Hólmaslóð 8 - 10	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	6606952069	<b>Flokkur</b>	Olía
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Gestur Guðjónsson	<b>ÍSAT nr.</b>	63.40
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Sigurður Bjarnason	<b>Staðsetning</b>	543743,502 671969,816

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit og engin ábending er sett fram.

## UMFANG EFTIRLITS

Einungis var boðað til rafræns eftirlitsfundar á Teams sökum ferða- og samgöngutakmarkana vegna Covid-19 faraldursins.

### Boðað umfang eftirlitsins var m.a. eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Rekstrarhandbók
- Áætlanir og viðbrögð
- Kvartanir og óhöpp
- Skráning olúgeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.

Farið var yfir rafræna rekstrarhandbók og mánaðarblöð yfirfarin, engin athugasemd er gerð við þau. Rafræn rekstrarhandbók er aðgengileg starfsmönnum á sameiginlegum grunni og allar áætlanir aðgengilegar þar sem og afrit af starfsleyfinu. Áhættumat var yfirfarið. Ein breyting gerð á því er varðar skráningar, sem nú eru í lagi.

Einn láréttur, tvöfaldur geymir er í stöðinni og er áfyllingaplan steipt og með frárennsli tengt olúskilju. Yfiryllingarvörn á geymi vísar að áfyllingaplani og komi til yfiryllingar geymis þá rennur það niður á áfyllingarplan og þaðan niður í olúskilju. Geymirinn er frá árinu 2004 og var síðast botnþykktarmældur árið 2014. Ekkert bensín er geymt í stöðinni.

Olíu er dælt frá Grímseyjarferjunni, um 100m leið og upp í geyminn. Lagnir frá bryggju voru síðast þrýstiprófaðar árið 2015, þrýstiprófa á þær nú í ár skv. gr. 4.2 í starfsleyfi. Búnaður til prófunar er kominn á staðinn og verða prófanir framkvæmdar þegar veður leyfir. Kálfur er notaður til að flytja olíuna til notenda á eyjunni.

Olúskilja og sandfang var síðast hreinsað í okt 2020. Fyrirhugað er að setja nema í olúskiljuna á næstunni skv. 15. gr reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Olíuleifar í frárennsli olúskilju verða prófaðar með olíuprófi fyrir árslok.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar er í rekstrarhandbók.

Rekstraraðili fór um athafnasvæði olíubirgðastöðvarinnar með myndavél í gegnum Teams og var svæðið tekið út með þeim hætti. Ekki var hægt að greina olíubræk á svæðinu þar sem óhappið í október átti sér stað og engar athugasemdir gerðar við svæðið.

## ÁBENDINGAR

Engin ábending er sett fram við eftirlit.

## ANNAÐ

Óhapp varð þann 14. október sl. þegar starfsmaður stöðvarinnar ók af stað með áfyllislönguna tengda við flutningstæki þannig að slangan dróst út úr tenginu. Brugðist var við með ísogsefnum og þrifefnum á malbikið ásamt því að olíublautum jarðvegi var mokað upp í fiskikör og bíða flutnings til lands til meðhöndlunar, 1-2 bambar.


Áætlað að í heildina hafi farið niður um 700L af olíu og megnið af því náðist í olíuskiljuna sem var tæmd og hreinsuð í kjölfarið. Áætlað er að um 100-200L hafi farið út í umhverfið en vonir standa til að náðst hafi að hreinsa megnið af því upp með ísogsefnum og með því að fjarlægja olíublautan jarðveg af svæðinu.

Áframhaldandi vöktun verður á svæðinu, eins lengi og til þarf.

Reykjavík, 14.12.2020

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



Guðbjörg Stella Árnadóttir